

36. ÁRSPING 1985



haldið í
Alpýðuhúsinu á Akureyri
25. – 26. október

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

SNORRABRAUT 54 — 105 REYKJAVÍK — SÍMI 2 90 99



DAGSKRÁ 36. ÁRSPINGS L. H. 1985.

Föstudagur 25. október

kl. 10.30 Þingsetning, Stefán Pálsson formaður L.H.
Kjörbréfanefnd skilar álit
Tilnefning þingforseta
Kosning ritara og teljara
Ávörp gesta
Skýrsla stjórnar:
Formaður L.H.
Gjaldkeri L.H.

Umræður um skýrslu stjórnar

Tillögur lagðar fram og vísað til nefnda

kl. 14.00 Umræður:

Erindi um málefni hestamanna
Framsögumenn:
Kári Arnórsson
Ragnar Tómasson

Almennar umræður

kl. 16.00 Erindi:
Jón Bjarnason skólastjóri
Bændaskólans á Hólum

kl. 17.30 Nefndir hefja störf

Laugardagur 26. október

kl. 10.00 Nefndir skila álit og umræður

Hádegisverður

Fundi framhaldið

Kaffihlé

Kosningar:
Varaformaður og tveir meðstjórnendur
Endurskoðendur

Næsti þingstaður og þingslit

Kvöldfagnaður í boði Létts

Vinnunefndir þingsins eru sem hér segir:

1. Gæðinga- og unglinganefnd
Formaður: Sigurjón Gestsson, Léttfeta

2. Fjárhagsnefnd
Formaður: Ágúst Ingi Ólafsson, Geysi

3. Allsherjarnefnd
Formaður: Guðmundur Sigurðsson, Faxa

4. Laganefnd
Formaður: Haraldur Sveinsson, Fáki

5. Mótanefnd
Formaður: Arngrímur Geirsson, Þjálfar

6. Ferðanefnd
Formaður: Einar Bollason, Gusti

7. Ritarar:
Aðalritari: Bjarni E. Sigurðsson F.T.
Skjöldur Stefánsson Glað, Þórður Axelsson Herði, Hólmgeir Valdimarsson Létti,
Halldóra Þorvarðardóttir Sörla, Bragi Björgmundsson Stormi, Sigurður
Ingimarsson Stíganda, Sigurður Guðmundsson Dreyra, Katrín Briem Fáki

Ef kynbótanefnd og fræðslunefnd starfa á þinginu er gerð tillaga um formenn þeirra:

Kynbótanefnd:

Formaður: Kári Arnórsson, Gusti

Fræðslunefnd:

Formaður: Brynjólfur Sandholt, Fáki

I kjörbréfanefnd eiga sæti:

Formaður: Ragnar Tómasson, Fáki

Þorkell Jónsson Gusti, Guðmundur Jónsson Herði

Tillögur til 36. ársþings L.H.

- | | | |
|-----|--|-----------------------|
| 1) | Um endurskoðað fundarskóp L.H. | Laganefnd |
| 2) | Um landsþing annað hvert ár - Léttir | Laganefnd |
| 3) | Um millipinganefnd v/ lagabreytinga - Stjórn L.H. | Laganefnd |
| 4) | Um breytingar á agareglum L.H. - Gæðingarn, og Dómarafél. | Laganefnd |
| 5) | Um kjörgögn og tillögur til ársþinga - Stjórn L.H. | Laganefnd |
| 6) | Reglugerð um unglingakeppni - Gustur | Gæðinga og ungl.nefnd |
| 7) | Reglur um unglingakeppni - Gæðinga- og ungl.n. og Dómarafél. | Gæðinga og ungl.nefnd |
| 8) | Um dómara og dómaraströf - Gæðinga og ungl.n. og Dómarafél. | Gæðinga og ungl.nefnd |
| 9) | Um sérstaka úrslitakeppni í gæðingakeppni - Gæðinga og ungl.n. og Dómarafél. | Gæðinga og ungl.n. |
| 10) | Reglugerð um unglingakeppni - Dreyri | Gæðinga og ungl.nefnd |
| 11) | Viðauki við gæðingakeppni - Fákur | Gæðinga og ungl.nefnd |
| 12) | Reglugerð um gæðingakeppni - Gæðinga og ungl.n. og Dómarafél. | Gæðinga og ungl.nefnd |
| 13) | Um reiðvegafrankvæmdir og Vegalög - Samstarfsnefnd L.H. | Ferðanefnd |
| 14) | Um ferðalög hestamanna í fólkvöngum - Ýmis félög | Ferðanefnd |
| 15) | Um heyringir á áningastöðum á hálendi - Léttir | Ferðanefnd |
| 16) | Um ferðir hestamanna í þjóðgöngum - Léttir | Ferðanefnd |
| 17) | Um merkingar reiðleiða - Trausti | Ferðanefnd |
| 18) | Um ákvæði í Vegalög um reiðvegafrankvæmdir - Þjálfari | Ferðanefnd |
| 19) | Um hlutfall árgjalda til gróðurverndar - Andvari | Fjárhagsnefnd |
| 20) | Tillaga að fjárhagsáætlun 1986 - Stjórn L.H. | Fjárhagsnefnd |
| 21) | Um árgjald félaga til L.H. 1986 - Stjórn L.H. | Fjárhagsnefnd |
| 22) | Um breytta tímasetningu Landsmóts 1986 - Léttir | Allsherjarnefnd |
| 23) | Um árlegan dag til gróðursetningar - Andvari | Allsherjarnefnd |
| 24) | Um skipulagða sjálfbæravinnu félaga - Stjórn L.H. | Allsherjarnefnd |
| 25) | Um félagsaðild útlendra í hestamannafélögum - Fákur | Allsherjarnefnd |
| 26) | Um unglinga og notkun reiðhjálma - Stjórn L.H. | Mótanefnd |
| 27) | Um þátttöku unglinga í greinum móta - Fákur | Mótanefnd |
| 28) | Um staðfestingu aldurs keppnishesta í 150/250 m hlaupagreinum - Fákur | Mótanefnd |
| 29) | Um skyldur knapa á mótsstað - Fákur | Mótanefnd |
| 30) | Um staðfestingu meta á kappreiðum - Mótanefnd L.H. | Mótanefnd |
| 31) | Um opin og lokað mót félaga - Mótanefnd L.H. | Mótanefnd |

Breytingartillögur/viðaukatillögur:

- 32) Um að gæðinga- og unglingakeppni sé heimil á 250 m.velli (Funi)
- 33) Um kjörgögn og álit starfsnefnda vegna útsendingar þeirra. (Funi)
- 34) Að Búnaðarfélag auglýsi forkaupsrétt á 1.verðl.hryssum innanlands. (Faxi)
- 35) Að heimilt sé að keppa í barnaflokki 9 ára og yngri. (Faxi).
- 36)
- 37)
- 38)
- 39)
- 40)

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

SNORRABRAUT 54 — 105 REYKJAVÍK — Sími 2 90 99



36. ársþing L.H. haldið á Akureyri 25.-26. október 1985.

Stefán Pálsson formaður L.H. setti fundinn kl. 10.45. Bauð hann fundarmenn velkomna.

Míntist hann því næst látinna féлага, þeirra Sigurlaugar Auðar Gunnarsdóttur, Neðri-Presthúsum, Jóns Einarssonar frá Vestri-Garðsauka, Einars G. Kvaran frá Reykjavík og Guðmundar Þorlákssonar.

1. Kjörbréfanefnd skilaði álit sínu og talaði Ragnar Tómasson fyrir nefndinni og kynnti þingfulltrúa en þeir eru eftirtaldir.

Hestamannafélagið Andvari Garðabæ:

Elísabet Þórólfsdóttir

Margrét Jónsdóttir.¹

Hestamannafélagið Blakkur, Strandasýslu:

Eyjólfur Vilhelmsson.

Hestamannafélagið Blær, Norðfirði:

Jón Hansson.

Hestamannafélagið Dreyri, Akranesi:

Sigurður Guðmundsson

Jón Sigurðsson

Jón Helgason.

Hestamannafélagið Fákur, Reykjavík:

Valdimar Jónsson

Sigurbjörn Bárðarson

Þorvaldur Þorvaldsson

Ægir Jónsson

Örn Ingólfsson

Guðmundur Ólafsson

Ragnar Tómasson

Haraldur Sveinsson

Viðar Halldórsson

Katrín Briem

Brynjólfur Sandholt.

Hestamannafélagið Faxi, Borgarfirði:

Sigurður Halldórsson
Guðmundur Sigurðsson
Ólöf Guðbrandsdóttir
Guðrún Fjeldsted

Félag tamningamanna:

Ágúst Oddsson
Bjarni E. Sigurðsson

Hestamannafélagið Feykir, N.-Þing:

Jóhann Gunnarsson

Hestamannafélagið Freyfaxi, Héraði:

Guðrún Gunnarsdóttir
Ingimar Sveinsson
Jón Bergsson
Guðmundur Þorleifsson.

Hestamannafélagið Funi, Eyjafirði:

Jónas Vigfússon
Hjalti Jósefsson

Hestamannafélagið Geysir, Rang:

Eggert Pálsson
Sigurgeir Bárðarson
Kristinn Guðnason
Ágúst Ingi Ólafsson
Steinþór Runólfsson

Hestamannafélagið Glaður, Dalasýslu:

Marteinn Valdimarsson
Kristján Gíslason

Hestamannafélagið Glófaxi, Vopnafirði:

Sendir ekki fulltrúa

Hestamannafélagið Glæsir, Siglufirði.

Gunnar Guðmundsson
Erlingur Óskarsson

Hestamannafélagið Gnýfari, Ólafsfirði.

Sigurður Andrés Kristinsson

Hestamannafélagið Goði, Fáskrúðsfirði:

Sendir ekki fulltrúa.

Hestamannafélagið Grani, Húsavík:

Sigurður Jónsson

Kristján Eysteinnsson

Hestamannafélagið Gustur, Kópavogi:

Einar Bollason

Þorkell Jónsson

Kári Arnórsson

Jón Gísli Þorkelsson

Björg Ólafsdóttir

Hestamannafélagið Háfeti, Þorlákshöfn:

Svanur Kristjánsson

Hestamannafélagið Hornfirðingur:

Guðmundur Jónsson

Þrúðmar Sigurðsson

Hestamannafélagið Hringur, Dalvík.

Rafn Arnbjörnsson

Ingvi Baldvinsson

Hestamannafélagið Hörður, Kjósarsýslu.

Aðalsteinn Þorgeirsson

Guðmundur Jónsson

Þórður Axelsson

Þorsteinn Aðalsteinsson

Hreinn Ólafsson

Hestamannafélagið Kinnskær, A.-Barð.:

Finnur Kristjánsson

Hestamannafélagið Léttfeti, Sauðárkróki:

Sveinn Guðmundsson

Ingimar Ingimarsson

Sigurjón Gestsson

Hestamannafélagið Léttir, Akureyri:

Jón Ólafur Sigfússon

Gunnar Egilson

Ragnar Ingólfsson

Hólmgeir Valdimarsson

Björn Jónsson

Hestamannafélagið Ljúfur, Hveragerði:

Halldór Gunnarsson

Ólöf Haraldsdóttir

Hestamannafélagið Logi, Biskupstungum:

Ólafur Einarsson

Kristinn Antonsson

Hestamannafélagið Máni, Keflavík:

Jóhannes Sigurðsson

Viðar Jónsson

Hestamannafélagið Neisti, Blönduósi:

Grímur Gíslason

Pormar Kristjánsson

Hestamannafélagið Óðinn, A-Hún:

Einar Höskuldsson

Hestamannafélagið Seyður, Seyðisfirði:

Sendir ekki fulltrúa

Hestamannafélagið Sindri, V-Skaft:

Hermann Árnason

Sigurbergur Magnússon

Viðar Bjarnason

Hestamannafélagið Smári, Hreppum og Skeiðum:

Sigfús Guðmundsson

Haraldur Sveinsson

Sigurgeir Sigmundsson

Ástrún Davíðsson

Hestamannafélagið Sleipnir, Selfossi:

Sveinn Sigurmundsson

Gunnar Friðþjófsson

Gunnar B. Gunnarsson

Árni Guðmundsson

Atli Lilliendahl

Hestamannafélagið Snarfari, Skagaströnd:

mætir ekki fulltrúi

Hestamannafélagið Snæfaxi, Þórshöfn:

Ragnar Sigfússon

Hestamannafélagið Snæfellingur, Snæfellsnesi:

Ólafur Kristjánson

Högni Bæringsson

Ragnar Hallsson

Tryggvi Gunnarsson

Hestamannafélagið Stígandi, Skagafirði:

Sigurður Ingimarsson

Grétar Geirsson

Jóhann Þorsteinsson

Hestamannafélagið Stormur, Vestfjörðum:

Bragi Björgmundsson,

Þorkell Þórðarson

Hestamannafélagið Sörli, Hafnarfirði:

Pjetur N. Pjetursson

Sveinn Jónsson

Halldóra Þorvarðardóttir

Þorvaldur H. Kolbeins

Friðrik Ólafsson

Hestamannafélagið Trausti, Laugardælum:

Sigurður Gunnarsson

Sigurfinnur Vilmundarson

Hestamannafélagið Þjálfí, S.-Þing:

Þórhildur Sigurðardóttir

Arngrímur Geirsson

Hestamannafélagið Þráinn Grenivík:

Haukur Laxdal

Hestamannafélagið Þytur, V-Hún:

Guðmundur Sigurðsson

Eggert Pálsson

Hestamannafélagið Svaði, Hofsósi:

Símon Gestsson

Dómarafélag L.H. aukaaðild:

Sigrún Sigurðardóttir

Stjórn L.H. sem ekki eru þingfulltrúar:

Stefán Pálsson

Kristján Guðmundsson

Gísli B. Björnsson

Sigurður Haraldsson

Egill Bjarnason

Skúli Kristjónsson

Gunnar B. Gunnarsson

Sigbjörn Björnsson

Sigurður Ragnarsson, framkvæmdastjóri.

Álit kjörnefndar var samþykkt.

Þá tók til máls Stefán Pálsson, formaður og skipaði starfsmenn þingsins. Jón Ólafur Sigfússon og Ármann Gunnarsson voru kjörnir þingforsetar. Teljarar Eggert Pálsson og Þorkell Jónsson. Ritarar: Bjarni E. Sigurðsson, aðalritari. Aðrir ritarar, Þórður Axelsson, Herði, Hólmgeir Valdimarsson, Uétti, Halldóra Þorvaldsdóttir, Sörla, Bragi Björgmundsson, Stormi, Sigurður Ingimarsson, Stíganda, Sigurður Guðmundsson, Dreyra, Katrín Briem, Fákí.

Skýrsla stjórnar:

Stefán Pálsson formaður flutti skýrslu stjórnar og vísast til prentaðrar ársskýrslu L.H. 1984-1985. En helstu atriði skýrslu formanns voru:

1. Útgáfa Hestsins okkar.
2. Samkomulag um Skógarhóla.
3. Um ráðstöfun beitaraskatts.
4. Dómaranámskeið 10 aðilar útskrifaðir.
5. Reidhallarmál. Formaður stjórnar Sigurður Líndal, starfsmaður Gylfi Geirsson.
6. Fjórðungsmót í Reykjavík.
7. Mótanefnd skipuleggi aðeins tíma stærri móta en aðildarfélög ráði sjálf tímasetningu smærri móta.
8. Samkomulag við Ferðaskrifstofuna Úrval um ferðir til og frá landinu í sambandi við hesta og hestamót.
9. Útgáfa blaðsins Hestar, auk 3ja smárita. Fóður og hirðing eftir Guðmund Jónsson, Börn, unglingar og hestamennska eftir Kristbjörgu Eyvindsdóttur. Járningar og hófhirða eftir Sigurð O. Ragnarsson.
10. Um reiðleiðir meðfram þjóðvegum.

Því næst var skýrsla gjaldkera:.

Gísli B. Björnsson gjaldkeri las upp reikninga og skýrði þá. Reikningarnir eru birtir í heild í árssýrslu 1984-1985.

Þá var orðið gefið laust um skýrslu stjórnar. Haraldur Sveinsson bað um orðið og bað um að leiðrétt yrði prentvilla í ársskýrslu varðandi endurskoðun reikninga og eigi að vera eftirfarandi: Við teljum að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri Landssambandsins árið 1984 og s.frv.

Tillögur lagðar fram og vísað til nefnda:

Þingskjal 1, um þingsköp, flytjandi millipinganefnd um endurskoðun þingskapa L.H. Vísað til laganefndar.

Þingskjal 2, um að landsþing verði haldin annað hvort ár, flytjandi Léttir, vísað til laganefndar.

Þingskjal 3, um að skipuð verði millipinganefnd er fjalli um lög L.H., m.a. um að ársþing verði annað hvort ár. Flytjandi stjórn L.H., vísað til laganefndar.

Þingskjal 4, um breytingar á agareglum L.H. Flytjandi Gæðinganefnd L.H. og Dómarafélag L.H., vísað til laganefndar.

Þingskjal 5, um breytingu á 9. gr.laga 2. málsg. Flytjandi stjórn L.H. vísað til laganefndar.

Þingskjal 6, um reglugerð um unglingakeppni. Flytjandi Gustur, vísað til Gæðinga- og unglinganefndar.

Þingskjal 7, um reglur um unglingakeppni. Flytjandi Gæðinga- og unglinganefnd og Dómarafélag L.H., vísað til Gæðinga- og unglinganefndar.

Þingskjal 8, um dómara og dómarastörf. Flytjandi Gæðinga- og unglinganefnd og Dómarafélag L.H., vísað til Gæðinga- og unglinganefndar.

Þingskjal 9, um sérstaka úrslitakeppni í gæðingakeppni. Flytjandi Gæðinga- og unglinganefnd og Dómarafélag L.H., vísað til Gæðinga- og unglinganefndar.

Þingskjal 10, um reglugerð um unglingakeppni. Flytjandi Dreyri, vísað til Gæðinga- og unglinganefndar.

Þingskjal 11, um viðauka við gæðingakeppni. Flytjandi Fákur, vísað til Gæðinga- og unglinganefndar.

Þingskjal 12, um reglugerð um gæðingakeppni. Flytjandi Gæðinga- og unglinganefnd og Dómarafélag L.H., vísað til Gæðinga- og unglinganefndar.

Þingskjal 13, um reiðvegaframkvæmdir og vegalög. Flytjandi samstarfsnefnd L.H., vísað til Ferðanefndar.

Þingskjal 14, um ferðalög hestamanna í fólkvöngum. Flytjendur ýmis félög, vísað til Ferðanefndar.

Þingskjal 15, um heybirgðir á áningastöðum á hálendi. Flytjandi Léttir, vísað til Ferðanefndar.

Þingskjal 16, um ferðir hestamanna í þjóðgörðum. Flytjandi Léttir, vísað til Ferðanefndar.

Þingskjal 17, um merkingar reiðleiða. Flytjandi Trausti, vísað til Ferðanefndar.

Þingskjal 18, um ákvæði í vegalög um reiðvegaframkvæmdir. Flytjandi Þjálfí, vísað til Ferðanefndar.

Þingskjal 19, um hlutfall árgjalda til gróðurverndar. Flytjandi Andvari, vísað til Fjárhagsnefndar.

Þingskjal 20, tillaga að Fjárhagsáætlun 1986. Flytjandi stjórn L.H., vísað til Fjárhagsnefndar.

Þingskjal 21, um árgjald félaga til L.H. 1986. Flytjandi stjórn L.H., vísað til Fjárhagsnefndar.

Þingskjal 22, um breytta tímasetningu landsmóts 1986. Flytjandi Léttir, vísað til Alsherjarnefndar.

Þingskjal 23, um árlegan dag til gróðursetningar. Flytjandi Andvari, vísað til Alsherjarnefndar.

Þingskjal 24, um skipulagða sjálfboðavinnu félaga. Flytjandi stjórn L.H., vísað til Alsherjarnefndar.

Þingskjal 25, um félagsaðild útlendra í hestamannafélögum. Flytjandi Fákur, vísað til Alsherjarnefndar.

Þingskjal 26, um unglínga og notkun reiðhjálma. Flytjandi stjórn L.H., vísað til Mótanefndar.

Þingskjal 27, um þátttöku unglínga í greinum móta. Flytjandi Fákur, vísað til Mótanefndar.

Þingskjal 28, um staðfestingu aldurs keppnishesta í 150/250 m hlaupagreinum. Flytjandi Fákur, vísað til Mótanefndar.

Þingskjal 29, um skyldur knapa á mótsstað. Flytjandi Fákur, vísað til Mótanefndar.

Þingskjal 30, um staðfestingu meta á kappreiðum. Flytjandi Mótanefnd L.H., vísað til Mótanefndar.

Þingskjal 31, um opin og lokuð mót félaga. Flytjandi Mótanefnd L.H., vísað til Mótanefndar.

Þingskjal 32, um heimild til breytinga á stærð keppnisvalla. Flytjandi Funi, vísað til Gæðinga- og unglinganefndar.

Þingskjal 33, um breytingu á 9. gr. laga, 2. málsg. Flytjandi Funi, vísað til Laganefndar.

Þingskjal 34, um að auglýsa forkaupsrétt innanlands á l.v. hryssum, sem selja á úr landi. Flytjandi Faxi, vísað til Kynbótanefndar.

Þingskjal 35, um að heimilt sé að keppa í barnaflokki 9 ára og yngri. Flytjandi Faxi, vísað til Gæðinga- og unglinganefndar.

Þingfundur hófst að loknu matarhléi kl. 14,00.

Þingforseti gaf Kára Arnórssyni orðið. Flutti hann erindi um stöðu hestamennsku. Í máli hans kom fram að veruleg aukning hafi orðið í hestaeign og hestamennsku þéttbýlisbúa. Verulegar framfarir hafa orðið á aðbúnaði hesta svo og í umhirðu reiðvera. Aukin reiðkennsla skilar sér ekki eingöngu í bættri reiðmennsku, heldur einnig í bættem viðhorfum. Tæmningar hafa orðið dýrari, flutningur hesta orðinn atvinnugrein. Allt þetta hefur aukið kostnað við hestamennsku. Þó virðast auknar kröfur um aðbúnað o.fl. ekki hafa dregið úr áhuga manna heldur þvert á móti. Skipulag hesthúsahverfa og uppbygging auka áhuga manna á hestamennsku. Hann kom inn á samskipti bænda og sporhestamanna. Eru þau m.a. kaup á hrossum, heykaup og hagabeit. Aukning í hestamennsku hefur orðið 5% síðast liðið ár. Leiddi Kári að því rök að hrossasala væri álitleg aukabúgrein fyrir bændur. Eins að hestamenn kaupa hey fyrir stórar upphæðir. Nefndi hann 97 milljónir sem hestamenn greiddu bændum fyrir hesta og hey. Taldi Kári að hestamenn ættu að leggja áherslu á að sýna bændum fram á hagkvæmni þessara viðskipta. Hestamenn eiga með framkomu sinni að sýna að þeir eru þess trausts verðir að hafa hesta undir höndum og vinna sér þannig traust samborgaranna.

Ragnar Tómasson tók næstur til máls. Ragnar ræddi hvert stefna bæri í málefnum hestamanna.

Aðalumræðuefni Ragnars var samskipti sveitarfélaga og hestamannafélaga. Ragnar hafði sent út til félaganna spurningar fyrir þing og fékkst nokkuð góð svörun við þeim, (32 félög sendu inn svör). Hann sundurliðaði skýrt og greinilega hvert svar fyrir sig. Síðan skýrði hann frá viðhorfi sveitarstjórnarmanna og virtist vera áberandi hjá sveitarstjórnarmönnum að unglingastarf höfðaði sterkast til þeirra sem fara með málefni sveitarstjórna. Ragnar lauk máli sínu með því að beina því til L.H. að efla bæri unglingastarf verulega. Eftir að Ragnar lauk máli sínu voru umræður um erindi Kára og Ragnars.

Fyrstur tók til máls, Grímur Gíslason. Hann lýsti ánægju sinni með erindi þeirra félaga. Kristján Guðmundsson tók næstur til máls. Kristján ræddi um reynslu sína í samskiptum bæjarstjórna og hestamanna. Sigbjörn Björnsson talaði næstur. Sigbjörn talaði um hestamenskuna almennt og daufa aðsókn að mótum hestamanna.

Gísli B. Björnsson tók næstur til máls. Fjallaði hann um erindi Ragnars og velti upp nokkrum spurningum varðandi það efni svo og um innri mál félaganna. Ingimar Sveinsson tók til máls, talaði hann um samskipti hestamanna og sveitarfélaga. Taldi hann að aukinn jákvæður áróður væri til góðs. Einnig hvatti hann til frostmerkinga hrossa. Örn Ingólfs-son var næstur á mælendaskrá, taldi hann að ein leiðin í því að bæta sam-skipti væri að hestamenn tækju sér tak varðandi umgengni. Kári Arnórsson tók þá til máls og ítrekaði margt af því sem áður hafði komið fram í erindi hans. Skúli Kristjónsson tók til máls og ræddi vítt og breitt um stöðu hestamennskunnar og tók sérstaklega til umræðu beitarmálin og upprekstur hrossa. Sigrún Sigurðardóttir tók næst til máls og ræddi sérstaklega um unglingastarfið. Brynjólfur Sandholt tók til máls og talaði hann um mótahald og keppni fyrr og nú. Einnig talaði Brynjólfur um samskipti hestamanna og sveitarfélaganna. Tryggvi Gunnarsson tók til máls og tók undir orð fyrri ræðumanna og ræddi sérstaklega um það stóra bil sem orðið er á milli atvinnuhestamanna og hins almenna áhugamanns í hestamennskunni. Ragnar Tómasson tók til máls og ítrekaði það sem hann hafði áður sagt í sínu framsöguerindi. Kári Arnórsson talaði síðastur og þakkaði þær undirtektir sem erindi þeirra höfðu hlotið.

Síðan var gefið kaffihlé.

Að loknu kaffihléi gaf fundarstjóri Jóni Bjarnasyni, skólastjóra Bændaskólans á Hólum orðið. Flutti hann erindi um bændaskólann og það starf sem þar er unnið. Rakti hann þær breytingar sem orðið hafa á starfsemi skólans síðast liðin ár. Þar hefur meðal annars verið tekin upp kennsla í hrossarækt og fiskeldi. Skólinn býður upp á kennslu á tveimur brautum, almennri búfræðibraut og fiskeldisbraut. Á Hólum er rekið hrossakynbótahúsið af ríkinu. Lýsti hann rekstri búsins nokkuð og þeirri ræktunarstefnu sem fylgt er. Búið á nú um 70 hross. Hrossa-rækt er kennd sem valgrein við skólann. Lýsti hann innihaldi þess náms. Skólinn býður einnig upp á námskeið ásumrin t.d. fyrir börn. Hafa þessi námskeið mælt vel fyrir. Fjallaði hann um þátt hestsins í ferðapjónustu bænda sem fer sívaxandi. Innan skólans er umræða um hvernig hægt er að auka kennslu í reiðmennsku og hrossarækt frá því sem nú er. Hann sagði það von sína að samskipti hrossaræktar-búsins og hestamanna yrðu ætíð góð.

Fundarstjóri þakkaði Jóni Bjarnasyni fróðlegt erindi og gaf orðið laust. Stefán Pálsson tók til máls, þakkaði hann frummælendum öllum góð erindi, sem fallið hefðu í góðan jarðveg. Kom hann inn á samskipti hestamanna

Lagt fram þingskjal nr. 22. Breytingartillaga kom fram frá Allsherjarnefnd en hún felld með öllum þorra greiddra atkvæða en áður hafði þingskjali nr. 22 verið vísað frá.

36. ársþing L.H. haldið á Akureyri 25.-26. október 1985 samþykkir:

"36. Landsþing L.H. haldið á Akureyri 25. og 26. október 1985 beinir þeim tilmælum til stjórnar L.H. og framkvæmda-stjórnar Landsmóts 1986, að tímasetningu Landsmótsins verðiseinkað um eina viku." Tillagan var felld.

Ályktun Fjárhagsnefndar. Ágúst Ingi Oddsson talaði fyrir nefndar-álitinu. Fyrst til umræðu reikningar L.H. Samþykkt samhljóða.

Þingskj. nr. ²⁰ Tillaga að fjárhagsáætlun 1986.

TEKJUR:

Argjald félaga 7080 x 260	kr. 1.840.000
Hestar V. árg. 1986	" 100.000
Vaxtatekjur	" 30.000
Aðrar tekjur	" 50.000
Samt. 2.020.000	

GJÖLD:

Laun og launatengd gjöld	kr. 600.000
Húsaleiga og skrifst.kostn.	" 440.000
Þinghald og fundir	" 95.000
Akstur og ferðakostn.	" 175.000
Námskeið og fræðsluhald	" 90.000
Annar kostn.	" 180.000
Afskriftir	" 60.000
Vaxtagjöld	" 10.000
Kostn. v. útgáfu	" 50.000
Hlutaframlag til Reiðhallar	" 320.000
Samt. 2.020.000	

og bænda svo og inn á náttúruverndarsjónarmið. Hvatti hann alla til að ganga vel um landið. Gagnrýndi hann Náttúruverndarráð fyrir að ganga of langt í því að friða land fyrir umferð.

Fundarstjóri þakkaði Stefáni og las því næst upp skipan nefnda og hvar þær störfuðu í húsinu. Fundarstjóri frestaði síðan fundi til morguns. Nefndir tóku því næst til starfa.

Fundi fram haldið 26. okt. kl. 10,00.

Fundarstjóri setti fundinn og bað um ályktun Allsherjarnefndar.

Ályktun Allsherjarnefndar. Lesið var upp þingskjal nr. 23. Var það samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn einu. (þingskj.23).

36. ársþing L.H. haldið á Akureyri 25.-26. október 1985
samþykkir:

"Landssamband hestamanna fari þess á leit við hestamannafélögin að þau hvert á sínu svæði, sýslu eða hrepp, hafi árvissan dag sem yrði varið til gróðursetningar trjáplantna."

Greinargerð:

Hestamannafélaginu Andvara finnst þetta verðugt verkefni fyrir hestamenn hvar sem þeir eru búsettir og að þeir ættu að taka höndum saman og sína nú betri hliðina á sér.

Lesið var upp þingskjal nr. 24. Allsherjarnefnd kom með breytingu við tillöguna, en eftir nokkrar umræður var upphaflega tillagan samþykkt með 35 atkv. gegn 27. (þingskj. 24).

36. ársþing L.H. haldið á Akureyri 25.-26. október 1985
samþykkir:

"Að fara þess á leit við hestamannafélögin og hestamenn, að skipuleggja sjálfboðavinnu við hreinsun athafnasvæða hestamanna og næsta nágrennis, og vinna að lagfæringu á reiðleiðum, svo og viðgerð og snyrtingu á mannvirkjum. Tekinn verði einn dagur á vori, fyrsti laugardagur í maí, til þessa starfs og stefnt að því að hver hestamaður leggi fram minnst hálf t dagsverk.

Stjórnir hestamannafélaganna og/eða nefndir á þeirra vegum sjái um framkvæmd þessa átaks.

Leitað verði eftir samstarfi við sveitarfélög og aðra aðila er málinu tengjast."

Auk þess lagði nefndin fram tillögu en ákveðið var að leggja hana fyrir eftir matarhlé.

Þingskjal nr. 19 lagt fram. Nefndin lagði til að vísa tillögunni frá.
Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

(Þingskj. no 19).

36. ársþing L.H. haldið á Akureyri 25.-26. október 1985
samþykkir:

"Að L.H. leggi fram 10-15% af ársgjöldum félaganna og
því varið til uppgræðslu örfoka lans. Í því sambandi
mætti t.d.hafa samráð við Landgræðsluna.

Hugsanlegt er að sá landsfjórðungur, sem fjórðungsmót
heldur yrði fyrir valinu hverju sinni."

Þingskjöl nr. 20 og 21 lögð fram. Nefndin leggur til að fjárhagsáætlun
og árgjald verði samþykkt óbreytt, 260 kr. pr. hvern skráðan féлага.
Samþykkt samhljóða.

Nefndin fékk auk þess beiðni um fjárstyrk til íþróttaráðs. Samþykkt var
að vísa tillögunni til stjórnarinnar til nánari athugunar á grundvelli
betri gagna.

Álit Ferðanefndar. Einar Bollason talaði fyrir nefndarálitinu.

Fyrst voru teknar fyrir tillögur á þingskjali nr. 13 og 18. Þar sem
þingskjal nr. 13 og 18 fjallaði um svipað efni, leggur nefndin til að
tillögurnar verði sameinaðar þannig:

"36. ársþing L.H. haldið á Akureyri 25.-26. okt. 1985 samþykkir að fela
stjórn L.H. að vinna markvisst að því að sett verði skýr ákvæði í vegalög
um að reiðleiðir tilheyrir samgöngukerfi landsins.

Við endurbýggingu og nýlagningu vega skulu framkvæmdir við reiðvegagerð
fara fram jafnhliða, og sé hluti af kostnaði við gerð vegarins.

Ennfremur er stjórn L.H. falið að fylgja því eftir að gerðar verði
reiðleiðir meðfram þjóðbrautum, sem nú þegar hafi verið lagðar bundnu
slitlagi". Samþykkt samhljóða.

Tekið fyrir þingskjal nr. 14.

(þingskj. 14).

36. ársþing L.H. haldið á Akureyri 25.-26. október 1985
samþykkir:

"Að beina því til stjórnar L.H. að hún hefji viðræður
við Náttúruverndarráð um að koma upp aðstöðu fyrir þá
se ferðast á hestum um Svínadal í Kelduhverfi. Sá
staður er innan þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum en
aðstaðan yrði á Svínadal."

Nefndin gerði viðauka við tillöguna svohljóðandi: "Einnig verði haldið
opnum þeim gömlu reiðleiðum sem liggja um Svínadal og Hólmatungur".
Þingskjalið ásamt viðaukanum samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 16 lagt fyrir og samþykkt samhljóða.

(Þingskj. 16)

36. ársþing L:H. haldið á Akureyri 25.-26. október 1985
samþykkir:

"36. Landsþing L.H. haldið á Akureyri 25. og 26. október 1985 beinir því til stjórnar L.H. að hún hefji viðræður við Náttúruverndarráð, Landgræðslu ríkisins og Skógrækt ríkisins varðandi umferðarrétt hestamanna um þjóðgarða, landgræðslu- lönd og lönd innan skógræktargirðinga."

Þingskjal nr. 17. Ferðanefnd ályktaði að þingskjalið verði samþykkt með viðauka og verði þannig: "36 ársþing L.H. haldið á Akureyri 25.-26. okt. 1985 samþykkir:

Þeim tilmælum er beint til hestamannafélaganna að þau láti merkja helstu reiðleiðir gamlar og nýjar, hvert á sínu félgssvæði. Þingið felur stjórn L.H. að sjá um að samræmi sé á slíkum merkingum þar sem því verði við komið". Samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 15 lagt fyrir. Nefndin leggur til að þingskjalið verði samþykkt. Samþykkt samhljóða.

(Þingskj. 15).

36. ársþing L.H. haldið á Akureyri 25.-26. október 1985
samþykkir:

"36. Landsþing L.H. haldið á Akureyri 25. og 26. október 1985 samþykkir, að beina þeim tilmælum til stjórnar L.H. að hún kanni hvort unnt sé að hafa hey til sölu við áningar- staði í öræfum þar sem því verði við komið. Er bent sérstaklega á Hveravelli í því sambandi."

Lagt fyrir álit Kynbótanefndar: Kári Arnórsson talaði fyrir áliti nefndarinnar.

Fyrir Kynbótanefnd kom eitt þingskjal nr. 34. Nefndin lagði fyrir eftirfarandi álit: "Beinir því til Búnaðarfélags Íslands, að það nýti sér rétt þann sem nú er í reglum um útflutning hrossa og auglýsi forkaupsrétt innanlands á öllum kynbótahrossum, sem selja á úr landi og hlotið hafa fyrstu verðlaun". Samþykkt samhljóða.

Ennfremur leggur nefndin fram eftirfarandi:

1) Samþykkir að á fjórðungs- og landsmótum sé æskilegt að endanlegur dómur á kynbótahrossum verði ekki felldur fyrr en eftir lokasýningu á laugardegi næst síðasta degi mótsins. Samþykkt samhljóða.

2) Telur æskilegt að tímarit hestamanna birti ársfjórðungslega skrá yfir þau kynbótahross sem til sölu eru og hlotið hafa 1. verðlaun. Birting þessi verði ókeypis. Samþykkt samhljóða.

3) Eftir nokkrar umræður varð eftirfarandi tillaga samþykkt.

"Að beina því til Sýningarnefndar B.Í. að við sýningu kynbótahrossa sé einungis heimilt að nota fjórðungshlífur úr gúmmí, hámarksþyngd 100 gr. hvor hlíf, aðrar hófhlífur séu óleyfilegar. Þyngd skeifna skal vera háð sömu reglum og qilda í gæðingakeppni.

Notkun hófbotna er óheimil nema vottorð dýralæknis fylgi þess efnis að þörf sé á notkun botnanna". Samþykkt samhljóða.

Lagt fyrir álit Mótanefndar: Arngrímur Geirsson lagði fram álit Mótanefndar. Tillaga á þingskjali nr. 26 felld með 29 atkv. gegn 24.

(þingskj 26)

36. ársþing L.H. haldið á Akureyri 25.-26. október 1985 samþykkir:

"Börn og unglingar, til og með 15 (16) ára aldri, er taka þátt í skipulagðri starfsemi á vegum hestamannafélags, nefnda eða einstaklinga, er fyrir þau starfa skulu bera öryggishjálma á höfði, þegar þau eru á hestbaki.

Þetta gildir um alla starfsemi s.s. keppnir, sýningar, verðlaunaveitingu, námskeið, ferðalög." (felld).

Tillaga á þingskjali nr. 28 samþykkt með þorra greiddra atkvæða gegn einu. (þingskj. 28)

36. ársþing L.H. haldið á Akureyri 25.-26. október 1985 samþykkir:

"Hver sá sem æskir staðfestingar á meti í 150m skeiði og/eða 250m unghrossahlaupi, láti metaumsókn fylgja staðfestingu dýralæknis á að hrossið sé ekki eldra en reglur segja til um."

Álit Mótanefndar um þingskjal 29.

Á landsmótum og fjórðungsmótum skal knapa í gæðingakeppni A og B flokki skylt að tilkynna hestaverði komi sína á mótsstað og/eða taka keppnisnúmer a.m.k. stundarfjórðungi áður en keppni hefst. Að öðrum kosti má hann vænta þess að vera vísað úr keppni. Samþykkt samhljóða.

Tillaga á þingskjali nr. 30 felld með 35 atkv. gegn 23.

sjá næstu síðu.

Þingskjal 30

36. ársþing L.H. haldið á Akureyri 25.-26. október 1985
samþykkir:

"Að í kappreiðareglur L.H. komi eftirfarandi:

Met í kappreiðum skv. kappreiðareglum L.H. verði ekki staðfest nema þau séu sett innan áður auglýstrar dagskrár viðkomandi móts."

Þingskjal 31

36. ársþing L.H. haldið á Akureyri 25.-26. október 1985
samþykki:

"Að félög innan L.H. stefni að því að félagsmót verði almennt lokuð mót.

Hinsvegar skuli félög innan sama svæðis taka sig saman um að halda sameiginlega opin mót ef þess er kostur og skuli stefnt að þeirri þróun."

Tillaga á þingskjali nr. 31 samþykkt svohljóðandi: Að félög innan sama svæðis taki sig saman um að halda sameiginlega opin mót ef þess er kostur og skuli stefnt að þeirri þróun.

Þá var gert matarhlé.

Eftir matarhlé gaf fundarstjóri Jóhannesi Guðmundssyni verkfræðingi orðið. Kynnti hann þingheimi bækling sem er að koma út á vegum L.H. varðandi hesthúsbyggingar, en hann er í nefnd skipaðri af L.H. sem sett var á laggirnar til þess að semja þennan bækling. Fjallaði hann um innihald bæklingins og atriði honum tengd. Fundarstjóri þakkaði Jóhannesi erindi hans. Stefán Pálsson tók til máls, þakkaði hann Jóhannesi og nefndinni ágæt störf.

Þá var áfram tekið til við afgreiðslu nefndarálita.

Formaður Laganefndar Haraldur Sveinsson tók til máls. Nefndin fjallaði um þær tillögur sem henni voru ætlaðar. Voru það þingskjöl 1-5, 25 og 33. Fyrst var tekið fyrir þingskjal 1 um þingsköp. Samþykkt þannig á þinginu.

I. ÞINGSETNING o.fl.

1. gr.

Formaður L.H. setur þing og stjórnar fundi þar til kosning þingforseta hefur farið fram.

2. gr.

"Þegar að lokinni þingsetningu skilar kjörbréfanefnd (sbr. 5. gr. laga L.H.) álitinu sínu. Framsögumaður hennar stjórnar nafnakalli sem fer fram áður en formaður leitar atkvæða um kjörbréf. Þegar að lokinni samþykkt kjörbréfa, fer fram kosning þingforseta.

Taka þeir þegar við störfum. Forseti lætur fram fara kosningu aðalritara og fjögurra aðstoðarritara. Einnig kosning teljara. Dagskrá er stjórn L.H. hefur gert tillögu um skal lögð fram til afgreiðslu".

II. VERKSVID FORSETA OG UMRÆÐUR.

3. gr.

Forseti stjórnar fundum. Vilji hann taka þátt í umræðum, skal hann láta varaforseta taka við fundarstjórn á meðan. Rísi ágreiningur um fundarsköp úrskurðar forseti.

4. gr.

Forseti skal gefa mönnum orðið í sömu röð og þeir hafa kvatt sér hljóðs. Ef fleiri en einn kveðja sér hljóðs samtímis úrskurðar forseti í hvaða röð þeir skulu taka til máls. Ræður skal flytja úr ræðustól.

5. gr.

Engir aðrir en framsögumenn meiri og minnihluta mega taka oftari til máls en þrisvar við sömu umræðu, nema með leyfi þingforseta. Forseta er leyfilegt að takmarka ræðutíma með samþykki þingfundar.

6. gr.

Forseti gætir góðrar reglu á fundum. Ef ræðumaður heldur sig ekki við umræðuefnið eða viðhefur ótilhlýðileg orð varðar það áminningu forseta, sem þá hefur vald til að taka orðið af ræðumanni.

7. gr.

Ekki má, nema með leyfi forseta, lesa upp prentað né skrifað mál annað en nefndarálit og tillögur.

8. gr.

Aðalritari stjórnar störfum fundarritara. Fundarriturum ber að skrá allar tillögur sem lagðar eru fram á þinginu og hvaða umfjöllun og afgreiðslu þær fá. Ennfremur skulu ritarar kappkosta að greina rétt frá öllu sem fram kemur og sjónarmið ræðumanna komi fram í sem stystu máli.

III. TILLÖGUR OG ATKVÆDAGREIÐSLA.

9. gr.

Allar tillögur skal gera skriflega og afhenda forseta. Bera skal þær undir atkvæði í sömu röð og þær hafa verið lagðar fram sbr. þó 13. gr.

Séu fleiri en ein tillaga í sama máli, skal þó fyrst bera upp þá tillögu sem lengst gengur að dómi forseta. Berist margar tillögur um sama mál, sem fara í sömu átt, skulu nefndir þingsins athuga möguleika á að fella þær saman með samþykki tillögumanna.

10. gr.

Breytingartillögu skal bera upp á undan aðaltillögu. Komi fram breytingartillaga við breytingartillögu skal bera hana upp á undan. Breytingartillögu, sem kollvarpar eða breytir aðaltilgangi annarrar tillögu má ekki taka til greina.

11. gr.

Breytingar um að fella úr, bæta í eða auka við tillögu, skal bera upp þannig að lesa fyrst upp aðaltillöguna óbreytta, því næst breytingarnar og loks aðaltillöguna eins og hún yrði með breytingum.

12. gr.

Forseti hefur heimild til að bera tillögu upp í tveimur eða fleiri liðum, en þó því aðeins að hver liður sé sjálfstæður og skipting geri tillögu ekki óljósa.

13. gr.

Forgangstillögur eru og í þessari röð:

1. Tillaga um að ganga þegar til atkvæða.
2. Tillaga um að vísa máli frá.
3. Tillaga um að taka fyrir næsta mál á dagskrá.
4. Tillaga um að fresta máli.
5. Tillaga um að vísa máli til annars valds.

Tillaga undir 1.-3. tl.má ekki ræða.

14. gr.

Tillögu sem felld hefur verið má ekki bera upp aftur á sama fundi. Með samþykki minnst 2/3 hluta atkvæða má þó taka málið upp síðar á þinginu.

15. gr.

Heimilt er tillögumanni að taka aftur tillögu á hvaða stigi máls sem er, en öðrum fulltrúum er heimilt að taka hana upp á ný.

16. gr.

Atkvæðagreiðsla fer fram með handauppréttingu. Þingfulltrúum ber að vera viðstaddir atkvæðagreiðslu og taka þátt í henni. Skrifleg atkvæðagreiðsla eða nafnakall fer fram ef minnst 1/3 fundarmanna samþykkir það.

17. gr.

Á hverju þingi skulu eftirtaldar nefndir starfa.

1. Fjárhagsnefnd
2. Fræðslu- og útgáfunefnd
3. Gæðinga- og kappreiðanefnd
4. Kynbótanefnd
5. Alsherjarnefnd
6. Aðrar nefndir samkvæmt ákvörðun þingsins. Kjörbréfanefnd tilnefni formenn nefnda. Þingfulltrúar taki sæti í þeirri þingnefnd sem þeir kjósa og hafa aðeins atkvæðisrétt í þeirri nefnd.

18. gr.

Þegar kosning önnur en stjórnarkosning er bundin má ekki kjósa aðra en þá sem tilnefndir hafa verið. Með atkvæðagreiðslu sé þannig farið að afl atkvæða ræður úrslitum og hlutkesti ef atkvæði eru jöfn.

19. gr.

Atkvæðaseðill er ógildur ef á honum eru nöfn fleiri manna en kjósa á.

20. gr.

Kosning stjórnar fer fram samkvæmt 7. gr. laga L.H.

V. BREYTING ÞINGSKAPA.

21. gr.

Þingsköpum þessum má breyta á reglulegu þingi L.H. með 2/3 greiddra atkvæða.

Aðrar tillögur Laganefndar:

Þingskjal 2.

36. ársþing L.H. haldið á Akureyri 25.-26. október 1985 samþykkir:

"36. Landsþing L.H. haldið á Akureyri 25. og 26. október 1985 samþykkir, að framvegis verði Landsþing haldin annað hvert ár en formannaráðstefna hitt árið. Verði næsta Landsþing haldið 1987 og síðan á tveggja ára fresti."

Nefndin lagði til að þingskjali 2 væri vísað frá. Samþ. með þorra atkv. gegn 7.

Þingskjal no 3

36. ársþing L.H. haldið á Akureyri 25.-26. október 1985 samþykkir:

"Að skipuð verði millipinganefnd til að fjalla um lög L.H. m.a. um að ársþing verði annað hvert ár og þær breytingar er því fylgja."

Nefndin lagði til að þingskjali 3 væri vísað frá. Samþ. með þorra atkv. gegn 5.

36. ársþing L.H. haldið á Akureyri 25.-26. október 1985 samþykkir:

"Að skipuð verði millipinganefnd til að fjalla um lög L.H. m.a. um að ársþing verði annað hvert ár og þær breytingar er því fylgja."

Nefndin lagði til að tillaga á þingskjali 4 um aganefnd yrði samþ. svohljóðandi:

3. gr. "Á eftir Viðurlög ákvarðar hún í stórum dráttum sem hér segir; komi: 1) liður; Með áminningu. Telji nefndin ekki að brotið sé það gróft að harðari viðurlögum beri að beita.

2) liður. Brottvísun úr ákv. keppnisgrein. Telji nefndin brotið það alvarlegt að ekki sé rétt að keppandi haldi áfram keppni í þeirri grein sem brotið var framið. Sem dæmi má nefna að aganefndin telur keppanda vera undir greinilegum áhrifum áfengis. Er nóg að vínlykt finnist af keppanda, þó ekki séu tók á að færa fullar sannanir fram að lögum fyrir ölvun.

3) liður. Brottvísun úr allri keppni á viðkomandi móti. Allar dóm-nefndir mótsins verða að fjalla um slík mál.

4) liður. Keppnisbann: Keppandi er dæmdur í keppnisbann á öllum mótum sem haldin eru á vegum L.H. eða aðildarfélaga þess. Aganefndir móta gera tillögu um keppnisbann til 3ja manna agadómstóls sem stjórn L.H. skipar. Hann kynnir sér málsatvik og fellir endanlegan úrskurð um málið". Samþ. samhljóða.

Nefndin leggur til að tillaga á þingskjali 33 verði samþ. en tillögu á þingskjali 5 vísað frá. Samþ. samhljóða.

(Þingskj no 5).

36. ársþing L.H. haldið á Akureyri 25.-26. október 1985 samþykkir:

Breyting á 9. gr. laga 2. málsgr.:

"Kjörgögn, álit scarfsnefnda og tillögur til ársþings, skulu berast stjórn L.H. þremur vikum fyrir þing, sem síðan sendir tillögurnar félögunum til kynningar."

Vísað frá.

(þingskj.33.)

Eftirfarandi tillaga til breytinga á 9. gr. laga 2. málsgr., á eftirfarandi hátt:

"Kjörgögn, álit starfsnefnda og tillögur til ársþings skulu berast stjórn L.H. fjórum vikum fyrir þing og skal hún senda tillögurnar félögunum til kynningar tveimur vikum fyrir þing.

Breytingartillögur sem berast stjórn fyrir þing skulu fjölritaðar og þeim dreift með öðrum þingskjölum.

Stjórn L.H., eða þingforsetar, ákveði hvort tillögur sem berast eftir tilskilinn frest skuli hljóta umfjöllun þingsins." samþykkt.

Nefndin leggur til að tillaga á þingskjali 25 verði samþ. sem viljayfirlýsing án lagagildis. Fram kom tillaga um að ganga til atkvæðagreiðslu um þingskjal 25. Samþ. með þorra atkvæða gegn 1. Tillaga á þingskjali 25 var felld með 27 atkv. gegn 2.

þingskj. 25.

36. ársþing L.H. haldið á Akureyri 25.-26. október 1985 samþykkir:

"Erlendir ríkisborgarar, sem haft hafa a.m.k. 6 mánaða samfellda búsetu hér á landi, skulu hafa sama rétt og íslenskir ríkisborgarar til félagsaðildar í hestamannafélagi. Réttur þessi er þó háður því skilyrði að viðkomandi sé ekki á sama keppnistímabili þátttakandi í keppnum í sínu heimalandi, nema um opnar keppnir sé að ræða." felld.

Kaffihlé.

Eftir kaffihlé kom til umræðu álit Gæðinga og unglinganefndar.

Álit Gæðinga- og unglinganefndar.

Framsögumaður Sigrún Sigurðardóttir. Nefndin fékk mörg mál til umfjöllunar. Hafði nefndin m.a. til umfjöllunar reglugerð um unglingakeppni og var eftirfarandi reglugerð samþykkt samhljóða.

I.

3.1. Reglugerð um unglingakeppni.

Keppendur: Keppni fer fram í 2 aldursflokkum:

A) yngri flokki, B) eldri flokki.

Aldur keppenda miðast við almanaksárið. Þannig að þeir elstu í yngri flokki eru þeir sem verða 13 ára á keppnisárinu og í eldri flokki þeir sem verða 16 ára á árinu. Í unglingakeppni er það knapinn sem vinnur til verðlauna. Í unglingakeppni er knapa skylt að bera reiðhjál.

Keppnishestar: Unglingur má ekki mæta til keppni með hross sem tekur þátt í öðrum greinum mótsins, nema hann sýni það sjálfur. Hver keppandi má aðeins keppa á einum hesti. Hross, sem unglingur mætir með í keppni skal vera í eigu aðalfélaga sama félags og unglingurinn er í sbr. 3. gr. reglna um félagsaðild í hestamannafélögum. Forfallist skráður hestur knapa á fjórðungs- og landsmótum koma varaknapar og hestar þeirra í staðinn.

Dómarar: Þrír dómarar í það minnsta skulu dæma innanfélagsmót, en fimm fjórðungs- og landsmót.

Einkunnir: Notaðir séu spjaldadómar. Einkunnargjöf skal hagað þannig að gefin er séreinkunn fyrir hverja gangtegund, þær síðan lagðar saman og deilt í með fjölda þeirra. Fæst þannig meðaleinkunn. Þá skal gefa sérstaka einkunn fyrir ásetu og taumhald í hverri gangtegund.

Einkunnastigi: Einkunnir skulu gefnar eftir sömu reglum og í gæðingakeppni L.H.

Fótábúnaður.

Farið skal eftir sömu reglum og í gæðingakeppni L.H.

Keppni: Keppni fari fram á 300 m hringvelli ef unnt er. Sýning hefst á skammhlið og er frjálst á hvora hönd er riðið. Röð sýningaratriða er frjáls. Heimilt er að nota písk í sýningu.

Verkefni: Yngri flokkur: Ríði tvo hringi á 300 m velli og sýni:

Fet, tölt eða brokk og stökk.

Eldri flokkur: 3 hringir á 300 m velli og sýni: Fet, tölt, brokk, stökk og yfirferðargang. (tölt, brokk eða skeið á langhliðum).

II.

Til Gæðinga- og unglinganefndar verði vísað til prófunar eftirfarandi:

Úrslitakeppni: Á fjórðungs- og landsmótum skulu þeir knapar sem hestar einkunnir hafa hlotið koma aftur fyrir dómnefnd og skal þá endanlega skorið úr um röð þessara knapa. Einnig má viðhafa slíka úrslitakeppni

á öðrum hestamótum ef viðkomandi framkvæmdanefnd ákveður svo. Í úrslitakeppni skulu taka þátt jafnmargir knapar og verðlaun eiga að hljóta. Áður en úrslitakeppni hefst skulu allir keppendur í hvorum flokki koma fram fyrir áhorfendur, vera kynntir og aðaleinkunn þeirra lesin.

Úrslitakeppni fer þannig fram:

1. Hestunum er riðið samtímis, en með ákveðnu millibili í dómhring.
2. Stjórnandi segir til um hvaða atriði ber að sýna hverju sinni. Hann skal gæta þess að jafnt sé riðið á báðar hendur í hringnum.
3. Dómarar gefa ekki einkunnir heldur sýna á spjaldi í hvaða sæti þeir raða hverjum knapa, fyrir gangtegundir og fyrir ásetu. Sá knapi sem lægsta samtölu fær hefur sigrað. Verði fleiri en einn jafnir skulu þeir ríða tvo hringi til viðbótar til úrslita.

Úrslitakeppni: Yngriflokkur: Tölt eða brokk stökk á langhliðum.
Minnst tvo hringi til hvorrar handar.

Úrslitakeppni: Eldriflokkur: Tölt, brokk eða yfirferð á langhliðum,
minnst tvo hringi til hvorrar handar.

Í báðum flokkum skal meta ásetu í úrslitakeppni.

Þá var lagt fram þingskjal no: 12

36. ársþing L.H. haldið á Akureyri 25.-26. október 1985
samþykkir:

"Breytingartillaga við Reglugerð um gæðingakeppni 1. kafli.
Reglugerðin hljóði svo:

1. gr.

Rétt til þátttöku í gæðingakeppni hafa öll tamin hross 5 vetra og eldri í eigu félagsmanna innan L.H., ef þau fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í reglum þessum. Hross, sem taka þátt í kynbótasýningu, eiga ekki rétt í gæðingakeppni sömu móta, að því undanskyldu að hross, sem taka þátt í kynbótasýningu sem afkvæmi í afkvæmahópi hafa þó rétt til þátttöku.

2. gr.

Skipa skal sérstakan eftirlitsmann, sem sér um að reglum sé fylgt. Hann annast skoðun á þeim atriðum, sem nefnd eru í gr. 4, gr. 5, gr. 6 og gr. 7. Á landsmótum og fjórðungsmótum skulu vera tveir eftirlitsmenn og er æskilegt að annar þeirra sé dýralæknir. Eftirlitsmenn starfa í umboði dómnefnda.

3. gr.

Hestar sem sýna hrekki, fælmi, kergju eða aðra viðlíka ókosti fá ekki að taka þátt í gæðingakeppni. Þótt þeir hafi aldrei sýnt það fyrr, en þá er þeir keppa, skulu þeir þegar útilokaðir frá keppni. Hlaupi hestur út af keppnisbraut skal honum vísað frá keppni nema augljóst utan- aðkomandi atviki valdi.

4. gr.

Þátttökuhestar skulu líta vel út, vera hreinir, vel í holdum, ósárir og heilbrigðir að dómi eftirlitsmanns.

5. gr.

Í gæðingakeppni eru bannaðar allar járningaaðferðir, sem ýkja fótaborð svo og notkun örvandi lyfja. Hóflengd skal vera eðlileg. Eingöngu skulu notaðar skeifur úr venjulegum smíðajárnsteini og skulu þær vera sem jafnslitnastar á öllum fótum. Hámark efnismarks bverskurðarflata skeifu er 160 mm^2 . Heimilt er að notabotna úr plastefnum, mesta þykkt 7 mm. Heimilit erað nota plastfleyga og plastfleygbotna mesta þykkt á hæl 11 mm sem þynnist út í 0 við tá. Heimilt erað nota hamp og silicon milli botns og hófs. Heimilt er að nota hóf- og legghlífar, mesta samanlögð þyngd hóf- og legghlífa 250 gr á fót. Allt, sem ekki er ótvírætt leyft samkvæmtreglum þessum er bannað. Leiki minnsti vafi á lögmæti járningar skal dregið undan hestinum og járning skoðuð. Ef falin þynging finnst í hófum, skal hesti vísað úr keppni.

6. gr.

Eigi má í gæðingakeppni nota keyri, spora, aukatauma, tunguband né neinskonar niðurbindingar. Eingöngu skal nota hringamél eða stangir. Heimilt er að nota reiðmúla, undanskálinn er þýskur nasamúll með stangamélum (Hannovermúll).

7. gr.

6. gr. fyrri reglugerðar óbreytt.

8. gr.

7. gr. fyrri reglugerðar óbreytt.

9. gr.

8. gr. fyrri reglugerðar óbreytt. "

Viðar Halldórsson flutti breytingartillögu við 6. gr. og lagði til að felld yrði niður "og skulu þær vera sem jafnslitnastar á öllum fótum". Breytingartillagan var samþ. með 43 atkv. gegn 7. Þingskjal 12 var síðan samþ. með áorðinni breytingu.

Nefndin leggur til að þingskjali 11 verði vísað frá. Samþ. samhljóða.
þingskj.11.

36. ársþing L.H. haldið á Akureyri 25.-26. október 1985
samþykkir:

Viðauki við 1. grein gæðingakeppni:

"Hverju félagi skal þó heimilt að ákveða fyrirkomulag
á keppni og skilyrði til þátttöku og/eða sýningar í
gæðingakeppni félagsins. Við val keppenda á fjórðungsmót
eða landsmót skulu þó engar takmarkanir hafðar á þátttöku
umfram það sem mælir fyrir um í reglum L.H."

vísað frá

Nefndin leggur til að þingskjali 32 verði fellt. Jónas Vigfússon
kvaddi sér hljóðs og studdi eindregið tillöguna á þingskjalinu. Tillaga
nefndarinnar var borin undir atkvæði og samþ. með 41-31.

Þingskj. 32

36. ársþing L.H. haldið á Akureyri 25.-26. október 1985
samþykkir:

Vegna tillögu hestamannafélagsins Gusts um breytingar
á reglugerð um unglingakeppni óskar hestamannafélagið
Funi að fá að flytja eftirfarandi tillögu:

"36. ársþing L.H., haldið á Akureyri 25. og 26. október
samþykkir, að heimilt sé að gæðingakeppni og unglinga-
keppni fari fram á 250 m hringvelli, enda sé völlurinn
tengdur 250 m beinni braut eins og 300 m völlurinn."
felld.

Nefndin lagði til að tillaga á þingskjali 35 verði felld og var það samþ.
samhljóða.

þingskj.35.

"Að heimilt sé að keppa í barnaflokki 9 ára og yngri,
sem jafnvel gæti verið sýningaratriði".

felld.

Þá var tekin til umræðu og afgreiðslu tillaga frá Allsherjarnefnd
svohljóðandi:

36. ársþing L.H. samþykkir eftirfarandi tillögu:

"Við uppbyggingu á aðstöðu hestamanna í þéttbýli hefur skapast mikill aðstöðumunur milli einstakra bæjar- og sveitarfélaga. Víða hafa sveitarstjórnir stutt myndarlega við bakið á hestamannafélögum og er það þakkarefni. Á þeim stöðum hafa orðið þáttaskil í öllu starfi viðkomandi félags. Á öðrum stöðum er minna gert. Ársþing L.H. vekur athygli á, hversu umfangsmikið æskulýðsstarf er unnið í hestamannafélögum og er þáttur barna og unglinga sívaxandi í starfsemi félaganna, enda hefur komið í ljós við könnun á tómstundaiðju barna og unglinga (sbr. Æskulýðsráð Reykjavíkur), að sjötti hver unglingur stundar reglubundið hestamennsku í Reykjavík. Sveitarstjórnnum er ennfremur bent á, að nýlega hafa íþróttadeildir hestamannafélaga fengið inngöngu í Í.S.Í. og þar með er hestamennska formlega viðurkennd íþróttagrein af landsamtökum íþróttahreyfingarinnar. Þingið beinir því til bæjar- og sveitastjórna að auðvelda almenningi að stunda hestamennsku í sínu byggðarlagi. Beitaraðstaða, reiðleiðir, stuðningur við vallargerð og önnur mannvirki á vegum félaganna svo og tryggja að hestaíþróttir sitji við sama borð og aðrar viðurkenndar íþróttagreinar varðandi aðstöðu."

Þingið samþykkir að senda þessa ályktun öllum sveitarstjórnnum ásamt tillögu um hreinsunardag hestamannafélaga, einnig verði hún birt í fjölmiðlum. Samp. samhljóða.

Síðasta mál þingsins voru kosningar.

Kristján Guðmundsson tók til máls og tjáði þinginu frá því að hann gæfi ekki kost á sér til endurkjörs. Lýst var eftir uppástungum í stöðu varaform. Stungið var upp á Leifi Jóhannessyni og Ragnari Tómassyni. Leifur Jóhannesson var kjörinn varaform. með 63 atkv. Ragnar hlaut 41 atkv. Skúli Kristjónsson 1 atkv. Kári Arnórsson 1 atkv.

Þá kvaddi sér hljóðs Sigurður Haraldsson og tjáði þinginu að hann gæfi ekki kost á sér til endurkjörs. Gísli B. Björnsson tók til máls og kvaddi ekki gefa kost á sér til endurkjörs. Lýst var eftir uppástungum um menn. Stungið var upp á Kára Arnórssyni, Ragnari Tómassyni, Gunnari B. Gunnarssyni og Gunnari Egilson. Gunnar B. Gunnarsson hlaut 66 atkv. Kári Arnórsson 60 atkv. Ragnar Tómasson 43 atkv. Gunnar Egilson 43 atkv. Ágúst Oddsson 1 atkv. Sigurbjörn Bárðarson 1 atkv. 1 atkv. ógilt.

Kosning varastjórnar. Stungið var upp á eftirtöldum: Jóni Ólafi Sigfússyni, Guðm. Jónssyni, Reykjavík, Kristbjörgu Eyvindsdóttur, Sigfúsi Guðmundssyni og Sigbirni Björnssyni.

Kosningu hlutu:

Jón Ólafur Sigfússon	89 atkv.
Kristbjörg Eyvindsdóttir	84 "
Guðm. Jónsson	80 "
Sigbjörn Björnsson	80 "
Sigfús Guðmundsson	75 "

Endurskoðendur voru endurkjörnir þeir Þorvaldur Þorvaldsson og Haraldur Sveinsson. Varaendurskoðendur endurkjörnir: Einar Bollason og Pétur Pétursson.

Formaður L.H. Stefán Pálsson tók til máls, þakkaði hann fráfarandi stjórnarmönnum og bauð nýja stjórnarmenn velkomna.

Einnig þakkaði hann Léttismönnum fyrir þinghaldið, og sagði frá boði freyfaxa fyrir næsta þinghald og sleit síðan þinginu.

Forsetar:

Jón Ól. Sigfússon

Ármann Gunnarsson

Ritarar:

Bjarni E. Sigurðsson

Bragi Björgmundsson

Skjöldur Stefánsson

Sigurður Guðmundsson